



Lúxemborg, 17. september 2018

FRÉTTATILKYNNING 07/2018

Dómur í máli E-10/17 *Nye Kystlink AS* gegn *Color Group AS* og *Color Line AS*

FYRNINGARFRESTUR SKAÐABÓTAKRAFNA VEGNA BROTA Á 53. OG 54. GR. EES-SAMNINGSINS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunardómstól Borgarting (*Borgarting lagmannsret*) í máli er varðar fyrningu skaðabótakrafna í tengslum við samkeppnismál þar sem lagðar höfðu verið á sektir samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. norskra laga um fyrningu kröfuréttinda fynnist skaðabótakrafa þremur árum eftir að tjónþoli hafði undir höndum eða hefði getað aflað sér upplýsinga um tiltekið tjón sem og tjónvald. Í 11. gr. laganna er þó að finna sérreglu sem mælir fyrir um eins árs fyrningarfrest vegna skaðabótakrafna sem eiga rætur að rekja til refsibrota og sem hefst þegar komist hefur verið að endanlegri niðurstöðu um refsibrotið.

Þann 14. desember 2011 komst Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) að þeirri niðurstöðu (387/11/COL) að *Color Group AS* og *Color Line AS* (saman „*Color Line*“) hefðu brotið gegn 53. og 54. gr. EES-samningsins með langtíma einkakaupasamningi við sveitarfélagið *Strömstad* á árunum 1994 til 2005, sem gerði *Color Line* kleift að hamla inngöngu samkeppnisaðila inn á markað um ferjuþjónustu. Þann 14. desember 2012 höfðaði *Nye Kystlink AS* mál á hendur *Color Line* fyrir norskum dómstólum og krafðist skaðabóta vegna fjárhagslegs tjóns vegna brota á 53. og 54. gr. EES-samningsins. Héraðsdómur Óslóar (*Oslo tingrett*) komst að þeirri niðurstöðu að *Nye Kystlink AS* hefði getað aflað upplýsinga um tjón og tjónvald fyrir 14. desember 2009 og af þeim sökum væri skaðabótakrafa félagsins fyrnd. *Nye Kystlink AS* áfrýjaði þeim dómi til áfrýjunardómstóls Borgarting.

Áfrýjunardómstóll Borgarting beindi þremur spurningum til EFTA-dómstólsins. Þær vörðuð einkum tvö álitamál. *Annars vegar* spurði landsdómstóllinn hvort það leiddi af meginreglunni um jafngildi að fyrningarregla landsréttar, líkt og 11. gr. norskra laga um fyrningu kröfuréttinda, mælir fyrir um sérstakan eins árs fyrningarfrest vegna skaðabótakrafna sem eiga rætur að rekja til refsibrota og sem hefst þegar komist hefur verið að endanlegri niðurstöðu um refsibrotið, skuli beitt um skaðabótakröfur vegna brota á 53. og 54. gr. EES-samningsins þegar fyrir liggur endanleg sektarákvörðun ESA um brot. *Hins vegar* spurði landsdómstóllinn hvort að meginreglan um skilvirkni takmarki heimildir til þess að mæla fyrir um þriggja ára fyrningarfrest skaðabótakrafna vegna eftirfarandi skaðabótamáls, líkt og reglur 1. mgr. 9. gr. norskra laga um fyrningu kröfuréttinda, þegar fyrningarreglan leggur rannsóknarskyldu á tjónþola sem getur leitt til þess að skaðabótakrafa sé fyrnd áður en ESA hefur tekið ákvörðun í máli um það hvort brotið hafi verið gegn 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Dómstóllinn taldi að meginreglan um jafngildi leiddi til þess að beita skyldi fyrningarreglu landsréttar, sem mælir fyrir um sérstakan eins árs fyrningarfrest vegna skaðabótakrafna sem

eiga rætur að rekja til refsibrota og sem hefst þegar komist hefur verið að endanlegri niðurstöðu um refsibrotið, um skaðabótakröfur vegna brota á 53. og 54. gr. EES þegar fyrir liggur endanleg sektarákvörðun ESA, svo fremi sem gangverkin tvö hafi sams konar tilgang, forsendur og helstu auðkenni. Við það mat skyldi einkum horfa til þess hvort sams konar brot sem sætt hefðu meðferð hjá innlendum stjórnvöldum myndu leiða til refsikenndra viðurlaga eða stjórnarsýslusekta.

Dómstóllinn komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að meginreglan um skilvirkni takmarki ekki heimildir EES ríkja til að mæla fyrir um þriggja ára fyrningarfrest skaðabótakrafna vegna brota á 53. og 54. gr. EES, þegar fyrningarreglan leggur rannsóknarskyldu á tjónþola sem getur leitt til þess að skaðabótakrafa sé fyrnd áður en ESA hefur tekið ákvörðun í máli vegna kvörtunar tjónþolans um það hvort brotið hafi verið gegn 53. og 54. gr. EES, svo fremi sem beiting slíks fyrningarfrests geri það ekki ómögulegt eða óhóflega erfitt að hafa uppi skaðabótakröfu vegna brota á samkeppnisreglum EES-réttar. Við það mat verði að taka mið af sérkennum samkeppnismála.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.